


Skýrsla stjórnarformanns, Þórðar Sverrissonar.

Ég mun nú gera grein fyrir starfsemi Hörpu á liðnu starfsári. Í upphafi vil ég víkja almennt að húsinu og þeirri starfsemi sem hér fer fram.



Harpa er glæsilegt mannvirki, útlit hennar er einstakt listaverk sem Ólafur Elíasson einn okkar þekktasti listamaður ásamt arkitektastofunum Henning Larsen og Batteríinu mótuðu hér á hafnarbakkanum við Reykjavíkurbær, listaverk sem mun standa landsmönnum og gestum til gleði á komandi áratugum.

Með byggingu Hörpu rættust draumar tugþúsunda Íslendinga um tónlistarhús þar sem listamenn gætu við verðugar aðstæður miðlað list sinni til okkar hinna, sem fáum að njóta. Bygging Hörpu er tákni um áræði fámennrar þjóðar, og um staðfestu við að ljúka byggingu hússins þrátt fyrir efnahagsáfall á byggingartímanum.

Fullyrða má að húsið hafi heppnast vel, nú þegar sjö ára reynsla er komin á starfsemi hér.

Í Hörpu hefur vel tekist til um flest það sem mestu máli skiptir og vil ég þar meðal þess nefna:

- Húsið er stórbrotið listaverk eins og ég nefndi áðan.
- Hljómburður í Eldborg er frábær að sögn margra erlendra listamanna sem hér hafa komið fram og hafa samanburð við tónlistarhús víða um heim.
- Hljómburður annarra sala er einnig góður og nýtast þeir vel fyrir fjölbreytta tónleika, ráðstefnur og fundi.
- Anddyri hússins er stórt glæsilegt atríum sem heillar þá sem þangað koma.
- Opin rými hafa hentað vel fyrir fjölbreytta starfsemi og gegna vissu hlutverki sem „borgartorg“ innandyra hér í Reykjavík.

Þeir sem heimsótt hafa tónlistarhús erlendis vita að það er alls ekki sjálfgefið að hljómburður, aðkoma, útlit og annað í gerð húss takist vel, þó svo að allt kapp sé lagt á að vanda vel til verka. Þegar litið er yfir liðinn áratug og þann góða árangur sem náðst hefur með byggingu Hörpu þá getum við verið ánægð og stolt af húsinu og þeirri starfsemi sem hér fer fram.

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar rástefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa skal jafnframt vera miðstöð

mannlífs fyrir alla landsmenn og áfangastaður ferðamanna sem vilja kynna sé bygginguna, þjónustuna hér, arkitektúr og listaverk í húsinu.

Frá opnun hússins hafa þau sem að Hörpu standa náð því að byggja upp fjölbreytta starfsemi á sviði tónlistar og ráðstefnuhalds. Á liðnu ári voru alls 1.052 listviðburðir – þ.e. tónleikar, leiksýningar og listsýningar og 469 ráðstefnur, fundir og veislur eða alls 1.542 viðburðir í húsinu. Starfsemin er því með miklum blóma.



Hörpu hefur tekist að verða vinsæll vettvangur sem þjóðin sækir sína listviðburði til. Könnun sem ráðgjafafyrirtækið MMR gerði fyrir okkur nú á vordögum sýnir þá ánægjulegu niðurstöðu að Íslendingar bera hlýjan hug til Hörpu. Þjóðin er ánægð með starfseminna sem hér fer fram og er stolt af Hörpu. Þeir listviðburðir og önnur starfsemi sem hér eru í boði höfða því vel til þjóðarinnar.

Samkvæmt sömu könnun hafa 86% þjóðarinnar komið í Hörpu og þar af 81% á síðasta ári. Í könnunni kemur einnig fram að 68% íbúa af landsbyggðinni hafa notið stunda í húsinu og 97% íbúa af höfuðborgarsvæðinu. Þessar tölur sýna skýrt að Íslendingar sækja hingað í menningarviðburði, og víða má lesa út úr könnunni að Harpa er hús þjóðarinnar. Það er því sérstaklega ánægjulegt að verða var við þann mikla stuðning og ánægju með Hörpu sem fram kemur í þessari könnun.

Reynslan kennir okkur að þegar vel gengur er mikilvægast að slaka ekki á, heldur skal þá endurskoða og ákveða hverju þarf að breyta til að gera enn betur. Þetta erum við í stjórninni mjög meðvituð um. Því ákváðum við að fara í formlegt vinnuferli um stefnumótun á þeirri starfsemi sem hér fer fram. Við fengum ráðgjafafyrirtækið Capacent til að vinna verkefnið með stjórnendum og er nú lokið fyrsta áfanganum sem felst í greiningu á núverandi stöðu. Þá er annar áfanginn hafinn, en í honum felst mótun stefnu til næstu ára.

Það er margt að breytast og því var mikilvægt að ráðast í þessa vinnu. Við hlið Hörpu er að rísa glæsilegt hótél sem opnar innan tveggja ára. Landsbankinn mun væntanlega ljúka byggingu á

sínu húsi innan fárra ára og þá verður svæðið hér umhverfis að fullu byggt. Við það verður tengingin við miðborgina mjög góð og skapar það tækifæri til að líflegra mannlíf færist hingað inn og á svæðið umhverfis. Nú þegar sjö ár eru frá vígslu hússins er því tímabært að endurmeta ýmsa þætti í þjónustu og fyrirkomulagi innan Hörpu svo sem móttöku ferðamanna, veitingarekstur, verslanir og ýmislegt varðandi það hvernig þjónustu við veitum okkar gestum. Með nýrri stefnumótun viljum við að Harpa nái að endurnýja sig og vera síung tíu ára og einnig tuttugu ára. Harpa þarf að vera síung og sígild – þannig styrkist hún enn frekar sem alþjóðlega þekkt tónlistarhús og kennileiti í borginni.


Að reisa og reka menningarhús felur í mínum huga í sér þrjá þætti eða áfanga. Í fyrsta lagi bygging sjálfs hússins, og fullyrða má nú að sú framkvæmd hefur tekist vonum frammar. Annar áfangi felst í að byggja upp blómlega menningarstarfsemi í húsinu og hefur það gengið afar vel. Þriðji þátturinn snýr að fjármögnun og rekstri. Það verkefni er og mun halda áfram að vera megináskorun stjórnar Hörpu næstu árin. Núverandi stjórn lagði því strax mikla áherslu á fjármál og rekstrarmál og setti fram eftirtalin atriði sem áhersluatriði næstu missera.

Í fyrsta lagi að þróa áfram frekari hagkvæmni í rekstri og markvissa stjórnun í starfsemi Hörpu. Verið er að innleiða það sem nefnist á ensku „Beyond Budgeting-“ aðferð við áætlanagerð og rekstrarstýringu. Einnig er verkskráning og uppgjör einstakra viðburða reglubundin og tímanlegri. Áhersla stjórnenda og starfsmanna er á hagkvæmni og kostnaðarvitund samhliða góðri þjónustu og fagmennsku í störfum.

Í öðru lagi er að finna Hörpu varanlegan rekstrargrundvöll þar sem fjárhagsafkoma og efnahagsstaða verði tryggð. Á liðnum árum hefur rekstrarreikningur Hörpu skilað halla fyrir vexti, afskriftir, skatta og niðurfærslur (EBIDTA hefur verið neikvæð um) á bilinu -450 milljónir króna til -550 milljónir króna á hverju ári. Á árinu 2017 lögðu eigendur alls 450 milljónir króna í rekstrarframlag til Hörpu, og á yfirstandandi ári er framlagið 400 milljónir króna. Þessi fjárframlög eru verulega umfram það sem áætlað var í uphafi að leggja þyrfti til þeirrar starfsemi sem hér fer fram. Ekki er ólíklegt að upphaflegar áætlanir hafi verið kryddaðar nokkurri bjartsýni og kostnaður því vanáætlaður um þar hundruð milljóna. Hitt er að svæðið hér er enn á byggingarstigi og vonir bundnar við að tekjur tengdar ráðstefnuhaldi geti vaxið þegar nýja hótelið sem nú er að rísa hér við hliðina verður tekið í notkun. Eins og ársreikningur Hörpu ber með sér er efnahagurinn veikur, eigið fé nærri núlli og skuldir miklar, yfir 20 milljarðar króna. Endurskoðunarnefnd og stjórn hafa ítrekað rætt þá stöðu og hvernig koma má efnahagsreikningi í eðlilegra horf. Einnig hefur verið farið yfir málið með eigendanefnd og munu fulltrúar hennar nú fara ítarlega yfir hvort og þá hvernig haga megi reikningsuppgjöri félagsins með gleggir hætti.

Í þriðja lagi er mikilvægt að ágreiningi um há fasteignagjöld ljúki með þeim hætti að raunhæft sé fyrir menningarhús að búa við niðurstöðuna. Á liðnu ári greiddi Harpa í fasteignagjöld nær 21% af tekjum þeirrar starfsemi sem hér fer fram, en þar með eru taldar tekjur af allri tækniþjónustu sem veitt er umfram sjálfa húsaleiguna. Staðan er þessi þrátt fyrir þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið frá upphaflegri álagningu fasteignagjalda, en hlutfallið væri um 34% ef forráðamenn Hörpu hefðu ekki barist fyrir lækkun og fengið hana í gegn. Til samanburðar má geta þess að þau þrjú fasteignafélög sem skráð eru á verðbréfamarkaði greiddu að meðaltali síðustu tvö ár um 15% sinna tekna í fasteignagjöld, en þessi félög eiga stóran hluta af verðmætasta atvinnuhúsnæðinu í borginni.

Fasteignamat og reglur um álagningu fasteignagjalda heyra undir Þjóðskrá Íslands. Eftir að hafa skoðað ferlið við ákvörðun á fasteignamati og ítrekaðri endurskoðun þess þá verð ég að lýsa undrun minni á starfsháttum og afstöðu Þjóðskrár. Hverjum manni má vera það ljóst að menningarhús getur ekki greitt rúman fimmtung tekna sinna í fasteignagjöld, hvað þá þriðjung eins og var samkvæmt upphaflegri álagningu. Eftir að stjórn Hörpu hafði óskað eftir endurmati,



yfirmati og farið síðan með málið fyrir dómstóla höfðu stjórnendur Hörpu væntingar um að dómur Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 25. febrúar 2016 leiddi til þess að fasteignagjöld myndu lækka verulega og verða viðráðanleg. Svo varð ekki eftir nýtt mat Þjóðskrár, sem Harpa áfrýjaði til yfirnefndar sem sendi málið aftur til Þjóðskrár sem enn á ný tókst að leggja fram fasteignamat þannig að Hörpu var gert að greiða 242,3 milljónir króna í fasteignagjöld á árinu 2017 sem vænta má að geti hækkað um 30% þegar svæðið umhverfis verður fullbyggt. Nú stendur stjórn Hörpu frammi fyrir því að áfrýja málinu enn á ný til yfirmatsnefndar. Gerð er grein fyrir þessari árlegu framhaldssögu í skýrslu stjórnar í ársreikningi Hörpu. Allt það ferli og sú mikla vinna sem felst í að fara með svona mál ítrekað fyrir matsnefndir og

dómstóla kostar tugi milljóna króna. Með ákveðnum hætti má líta á þetta mál sem ágreining skattgreiðenda við þá sjálfa, og víst er að skattgreiðendur borga brúsann af öllum málaferlunum, matsgerðunum og dómarastörfunum annaðhvort í gegnum ríkissjóð eða borgarsjóð. Þetta mál er dapurlegt dæmi um hvað embætti geta verið okkur skattborgurunum dýr því það sér hver maður að ekki er eðlilegt að tónlistin og menningin í landinu eigi að standa undir einum hæstu fasteignagjöldum sem innheimt eru fyrir eitt hús í borginni. Því vil ég hvetja Þjóðskrá Íslands til þess að finna skynsamlegan farveg sem leiði þetta mál til lykta.

Harpa er menningarhús þjóðarinnar. Þjóðin hefur veitt miklum fjármunum til Hörpu, fjármunum sem til framtíðar byggja upp menningarauð landsmanna. Það er göfugt markmið og mikilvægt. Það er gefandi fyrir okkur sem hingað komum að njóta þeirra lista sem okkar frábæru listamenn bjóða upp á.

Þó mér hafi hér nokkuð verið tíðrætt um fjármál, þá er stjórn og starfsmönnum morgunljóst mikilvægi þess að vanda áfram val og umgjörð þeirra viðburða sem fram fara í húsinu og tryggja að gestir njóti þess að vera hér. Þess vegna er vinna okkar við stefnumótun, framtíðarsýn og hlutverk Hörpu mjög mikilvæg. Hún felur í sér mótun dagskrárstefnu, ramma um verkefnaval og ákvörðun um hvort og hvaða listviðburði Harpa á sjálf að standa fyrir hér í húsinu og hvernig samstarfi við viðburðafyrirtæki og aðra aðila verði háttað. Árangur þeirrar vinnu mun byggja á samstarfi á við eigendur, samstarfsaðila í húsinu, listráð og að sjálfsögðu þá gesti sem njóta þessa sem hér er í boði.

Vonandi tekst vel til við þessa vinnu, því það er mikilvægt fyrir okkur öll að móta Hörpu áfram farsæla stefnu.

Fyrir ári síðan tók Svanhildur Konráðsdóttir við stöðu forstjóra Hörpu. Hún hefur komið af miklum krafti að starfseminni eins og víða má sjá merki. Hún lagði strax í upphafi áherslu á aðhald og bættu rekstrarafkomu, og kemur árangur verka hennar með starfsmönnum sínum vel fram í rekstrarniðurstöðu félagsins. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka Svanhildi ánægjulegt samstarf og þá orku og gleði sem hún ber með sér um húsið.

Annar lykilstjórnandi er nú á förum. Auður Árnadóttir sem hefur í sex ár gegnt starfi fjármálastjóra fer nú til annarra starfa. Hún hefur verið burðarás í rekstri félagsins og það má hverjum hér sem þekkir til vera ljóst hvílíkt afrek felst í að hafa haldið fjármálum félagsins á floti í þeirri þröngu stöðu sem það hefur starfað við. Ég færi Auði bestu þakkir og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Við hennar starfi tekur Berglind Ólafsdóttir og býð ég hana velkomna til spennandi verka.

Okkar frábæru starfsmönnum færi ég þakkir stjórnar fyrir alúð og fagmennsku í sínum verkum. Niðurstaða skoðanakönnunar og umsagnir listamanna og skipuleggjenda lýsa einróma lofi á ykkar störf og þjónustulund.

Fulltrúum í eigendanevnd færi ég þakkir fyrir góðan stuðning og ánægjulegt samstarf.

Meðstjórnarmönnum mínum vil ég þakka fyrir skemmtilega fundi og frjóar umræður.

Reykjavík 26. apríl 2018

Þórður Sverrisson

Stjórnarformaður Hörpu.